Uppsetningu á sandblástursfilmu

Vinnutól sem gott er að hafa við hendina áður en álímingu hefst.

Rúðuhreinsir

Járnskafa


Pappírsrúlla


Fínofin tuska

Gluggaskafa

Skurðarhnífur

Byrjið á að þrífa glerið vel og innanverða gluggapósta með rúðuhreinsi. Rennið með gluggasköfu (hníf) yfir glerið til að hreinsa allar smáagnir. Passið að ekkert kusk eða fingraför séu á glerinu.

Þegar búið er að stilla filmuna af, þá bleytið yfirborð hennar með rúðuhreinsi svo hún verði ekki stöm fyrir næsta skref.

Bleytið alla rúðuna með rúðuhreinsinum. Látið vökvan liggja á rúðunni. Notið meira en minna.

Strjúkið þéttingsfast með sköfu yfir filmuna frá miðju og út til kantana þannig að vökvinn fari undan filmunni. Passið að engin vökvi eða loft verði eftir undir filmunni. Ef rykkorn er undir þá má lyfta hluta filmunnar og taka það í burtu og úða á þann stað aftur með rúðuhreinsinum.

Takið bakpappírinn varlega af filmunni, passið að filman klessist ekki saman eða að það komi brot í hana. Filman getur orðið rafmögnuð og því er gott að spreyja rúðuhreinsi á hana til að afrafmagna hana. Spreyið jafnt yfir allan límflötinn á filmunni. Gott að tveir einstaklinger séu að ef filman er stór.

Strjúkið allan umfram vökva af filmunni og meðfram köntunum.

Það tekur filmuna um sólarhring að ná almennilegri festu á rúðunni.

Þegar búið er að bleyta rúðuna og límhliðina á filmunni, þá er filman lögð á rúðuna. Filman flýtur á vökvanum og nú er hægt að stillið filmuna af.

Filma með útskornu munstri:

Ef mynstur er í filmunni þá er yfirfilma yfir því til að halda öllu á sínum stað. Yfirfilmuna skal taka af eftir sólarhring. Ef það er mikið frost úti gæti það verið lengri tími.

Gott er að bleyta yfirfilmuna með vatni. Notið úðabrúsa til þess en einnig má nota rúðuhreinsi. Rífið hana varlega af og ekki toga beint að þér heldur niður með rúðunni.